

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrund Einarsdóttur
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. febrúar 2022
Tilvísun: 202201-0062
SS/BK

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu notkun ásætuvarna í sjókvíaeldi í Patreks- og Tálknafirði.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 20. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Arctic Sea Farm á notkun ásætuvarna í sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynningu um matsskyldu og meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Einungis er verið að fjalla um þann hluta starfsemi Arctic Sea Farm sem snýr að notkun ásætuvarna sem innihalda koparoxíð og hvort sú notkun og möguleg áhrif þeirra á umhverfið kalli á mat á umhverfisáhrifum. Starfsemi Arctic Sea Farm við sjókvíaeldi á laxi í Patreks- og hófst árið 2019 að loknu umhverfismati. Skipulagsstofnun ákvarðaði um að stækkun eldissvæðis í Kvígindisdal í Patreksfirði væri ekki háð umhverfismati.

Ásætuvarnin sem stefnt er að því að nota heitir Netwax E5 Greenline og er með markaðsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Eftirlit með mögulegri uppsöfnun á kopar í botnseti er hluti af almennum vöktunaráætlunum á botnseti sem Umhverfisstofnun samþykkir og er forsenda starfsleyfis. Slík vöktun er hafin á öllum eldissvæðum og hefur einnig verið stunduð hjá öðrum rekstraraðilum sjókvíaeldis Patreks- og Tálknafirði. Niðurstöður vöktunar hafa ekki bent til þess hingað til að óæskileg uppsöfnun kopars eigi sér stað. Við veitingu starfsleyfis verður að vera til staðar ákvæði um að ef vöktun bendir til þess að uppsöfnun sé of mikil að þá sé notkun ásætuvarna hætt.

Náttúrufræðistofnun telur að ákvörðun um heimild á notkun ásætuvarna sem innihalda koparoxíð sé á ábyrgð leyfisveitanda. Ef fylgt sé réttum viðmiðum um mengunarhættu af völdum efnanna miðað við bestu þekkingu á efnunum og áhrifum þeirra á lífríki og tryggt sé að vöktun sé til staðar og að hún sé fullnægjandi, þá bæti ferli mats á umhverfisáhrifum litlu við. Mikilvægt sé þó að hugað sé að þætti ásætuvarna í umhverfismati framtíðarsjókvíaeldisáforma á Íslandi.

Að því sögðu er vert að minna á að í umsögn Hafrannsóknarstofnunar um matsskyldu notkunar ásætuvarna í sjókvíaeldi Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði frá 18. nóvember 2020, koma fram góðar ábendingar sem vert er að horfa til og varða framkvæmd vöktunar á styrk kopars. Mjög mikilvægt sé að vöktun sé fullnægjandi með tilliti til staðsetninga og tíðni mælinga og að lagt sé mat á langtímaáhrifin og hvort og hversu mikið af kopar sé á uppleystu formi í vatnssúlunni. Vegna umfangs sjókvíaeldis á þessum slóðum hjá fleiri en einum




rekstraraðila eru uppsprettusvæði kopars frá ásætuvörnum allnokkur og mikilvægt að horfa á möguleg sammögnunaráhrif.

Leyfisveitandi fyrir notkun ásætuvornanna ætti að taka tillit til þessara ábendinga og til viðbótar við sértækt mat á áhrifum ásætuvorna í því sjókvíaeldi sem starfsleyfið nær til, að leggja mat á hvort möguleg sammögnunaráhrif frá notkun ásætuvorna frá öllu sjókvíaeldi innan sama vatnshlots séu til staðar og hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af þolmörkum vatnshlotsins og lífríki þess í heild sinni.

Milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar eru mikilvæg fuglasvæði t.d. stór fýla- og máfabbyggð í fjallinu Tálkna. Afar mikilvægt er því að mati Náttúrufræðistofnunar að tryggt sé að engin hætta stafi af notkun ásætuvorna eða öðrum mögulegum mengunarvöldum frá starfsemi sjókvíaeldis í Patreks- og Tálknafirði.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands